

Hafa í huga!

Áður en lengra er haldið skal lýsa því hvað gerist í ferlinu frá bókuðum reikningi í **AP/GL** til bókaðrar eignar í Eignaskrá. Eftir lok vinnudags er keyrðar reglulega keyrslur í Orra sem finna þær færslur sem bókaðar hafa verið í **AP** og eða **GL** á bókunartegundina 18xxx (sjá bókunar lykla í Orra á heimasíðu **FJS**) og flytja afrit af þeim yfir í **FA**. Þær eru síðan merktar í **AP/GL** svo þær flytjist ekki aftur. Þessar völdu færslur eru svo forskráðar eftir fyrirfram gefnum forsendum.

Fyrningaflokkurinn er forskráður eftir bókunartegundinni, lýsingin kemur frá **AP/GL** en ef auð þá er sett **X** í svæðið, sett er **0** í staðsetningarsvæðið, einingarnar koma alltaf sem **1** eining því flutningsforritið getur ekki gert upp einingarnar innan eins reiknings.

Lokun tímabils á sér stað 20. hvers mánaðar vegna mánaðarins á undan, þ.e. þann 20. júlí er verið að loka 6 tímabilinu (júní). Ferlið hefst með fyrrnefndri forskráningu færslna sem tilheyra viðkomandi tímabili. Næst eru allar færslur tímabilsins sem eru í stöðunni „Tilbúið til bókunar“ bókaðar inn á FA Eignaskrána. Síðan á sér stað fyrning vegna júlí og daginn eftir (21.) færast afskriftir upp í GL.

Ýmislegt þarf að hafa í huga þegar um umsjón eða viðhald eigna er að ræða.

- Yfirlitsskýrslu
- Lýsing
- Staðsetning
- Einingar

Gott er að taka út skýrslu yfir eignir og nota hana til hliðsjónar þegar verið er að viðhalda Eignaskránni. Í skýrslunni þarf að koma fram eignanúmer sem er notað til að kalla fram eign í FA Eignakerfinu og breyta þeim atriðum sem með þarf.

Lýsingin þarf að vera greinargóð. Þetta getur haft áhrif þegar þarf að leita að eignum eða kemur síðar meir að úreldingum.

Staðsetningar skipta máli ef þarf að taka t.d. út eignastöðu pr. staðsetningar eða finna eign vegna endurskoðunar.

Einingarnar skipta verulegu máli eins og t.d. ef keyptar hafa verið 10 tölvur og reikningurinn hljóðar upp á rúma milljón. Þá er **1** eining alveg kol röng og skeykir allar tölulegar upplýsingar. Einnig er þá mjög erfitt að viðhalda skránni við úreldingar á tölvunum síðar meir.

Það skal tekið hér fram að það veldur vandræðum í kerfinu ef þarf að skipta upp eign eftir að hún hefur verið stofnuð í Eignaskránni. Það er þó hægt að gera það með handafli, þ.e. í samvinnu með Þjónustu- og tækisviðs **FJS** eru útbúnar nýjar færslur sem skiptingin er færð upp á.

Hér skal bent á að það er ekki hægt að eyða út eignum sem komnar eru inn í Eignaskrá. Bara er hægt að úrelda eignir og þá detta þær út úr fjárhagstöðu. Hægt að fletta þeim upp í gegnum fyrirspurnir eða úreldingarskýrslu.

Skýrslur í kerfinu eru aðgengilegar í gegnum Brunn sem er skýrslugerðar tól Orra (apex.orri.is).